

Ed.

847. Frumvarp til laga

[49. mál]

um vinnumiðlun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 49 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóður og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefna einn fulltrúa hvert í nefndina og Landssamtökin Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa sameiginlega.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

6. gr. hljóðar svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kaптúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

17. gr. hljóðar svo:

Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra getur, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, heimilað stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda að annast miðlun vinnu fyrir félagsmenn enda hafi þau fastar starfsstöðvar og fullnægjandi aðstöðu að öðru leyti og veiti þjónustuna endurgjaldslaust. Sama gildir um samtök námsmanna.

Peir aðilar, sem fá heimild til vinnumiðlunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eru bundnir af ákvæðum þessara laga, svo og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.